

# Sárasótt

Sárasótt eða syphilis, er alvarlegur kynsjúkdómur af völdum bakteríu sem nefnist *Treponema pallidum*. Sárasótt var algeng fyrr á öldum en hvarf svo nánast alveg á Íslandi. Frá árinu 2014 hefur smitum aftur farið fjölgandi ár frá ári á Íslandi.

## Smitleiðir

Sárasótt smitast við óvarðar samfarir um leggöng, við endaparmsmök og munnmök. Sárasótt getur einnig borist frá móður til fósturs.

Sárasótt er algengust á Íslandi hjá karlmonnum sem stunda kynmök við karlmenn og hjá þeim sem skipta oft um kynlífsfélaga, sérstaklega meðal þeirra sem nota ekki smökk. Hægt er að smitast aftur af sárasótt, þrátt fyrir að hafa fengið meðferð áður og læknað.

## Einkenni

Sárasótt skiptist í nokkur stig eftir einkennum. Sumir fá þó lítil sem engin einkenni meðan aðrir geta orðið töluvert veikir.

### Fyrsta stigs sárasótt

Fyrsta einkennið er eymslalaust sár, svokallað harðsæri (e. chancre), sem kemur þar sem bakterían kemst inn í líkamann. Það myndast yfirleitt 2-3 vikum frá smiti, en getur þó tekið allt að þrjú mánuði að þróast. Sárin eru algengust á kynfærum eða við endaparm og eru mjög smitandi. Stundum geta sárin verið fleiri en eitt, valdið sársauka og komið í munn eða á varir. Sárin gróa alltaf, óháð meðferð, oftast innan sex vikna, en sýkingin er þó enn til staðar í líkamanum.

### Annars stigs sárasótt

Annars stigs sárasótt þróast hjá þriðjungi þeirra sem fá ekki meðferð við sýkingunni. Á þessu stigi færast bakterían yfir í blóðrásina.

Einkennin eru rauðbrún útbrot á húð án kláða, sem eru oft mest áberandi á kvið og baki en einnig í lófum og á iljum og breytingar geta myndast í slímhúð. Önnur einkenni sem geta fylgt eru hiti, eitlastækkunar, miltisstækkun, lifrabólga, beinhimnubólga, liðbólga, æðabólga, heilahimnubólga og skert nýrnastarfsemi. Auk þess getur bakterían haft áhrif á taugar, sjón, heyrn og hárvöxt.

Einkenni annars stigs sárasóttar koma oftast fram innan árs frá smiti, en geta komið fram í allt að tvö ár frá smiti. Þeir sem eru með annars stigs sárasótt eru mjög smitandi. Einkennin ganga venjulega yfir á nokkrum vikum, án meðferðar, en sýkingin er þó enn til staðar í líkamanum.

### **Leynd sárasótt**

Sárasótt læknast aldrei án meðferðar. Hafi sjúklingur engin einkenni er talað um leynda sárasótt. Sárasótt fer oftast yfir í svokallaða leynda sárasótt þegar einkenni ómeðhöndlaðrar annars stigs sárasóttar eru gengin yfir.

### **Fylgikvillar**

Ólíklegt er að sárasótt valdi langtíma vandamálum sé hún greind og meðhöndluð snemma. Ef sárasótt er ekki meðhöndluð getur sýkingin dreift sér í önnur líffæri og valdið alvarlegum veikindum sem koma fram einhverjum árum frá smiti. Við þessi einkenni er talað um þriðja stigs sárasótt.

### **Þriðja stigs sárasótt**

Um einn af hverjum tíu með ómeðhöndlaða sárasótt getur orðið fyrir alvarlegum varanlegum skaða meðal annars á munnholi, heila, taugakerfi ásamt hjarta og æðakerfi. Slíkur skaði getur komið fram jafnvel áratugum eftir smit.

### **Greining**

Greining á sárasótt er alltaf gerð með töku blóðsýna. Ef einstaklingur er með sár er einnig hægt að taka stök úr sárinu og greina erfðaefni en ekki er hægt að rækta sárasóttar-bakteríuna eins og flestar aðrar bakteríusýkingar. Í blóðsýni er rannsakað hvort mótefni gegn bakteríunni sem veldur sárasótt finnist. Þessi mótefni eru þó ekki greinanleg í blóði fyrr en allmörgum vikum eftir að smit verður. Því þarf oft að endurtaka blóðrannsókn ef sterkur grunur er um sýkingu. Að meðferð lokinni er hægt að taka aftur blóðsýni til að meta hvort búið sé að útrýma sýkingunni úr líkamanum og greina hvort einstaklingur hafi smitast aftur.

Ef grunur eru um sárasótt er nauðsynlegt að panta sem fyrst skimun á húð- og kyn-sjúkdómadeild Landspítala.

## Meðferð

Sárasótt er meðhöndluð með sýklalyfjum. Þeir sem ekki eru með ofnæmi fá oftast penisillín, sem gefið er í vöðva í eitt skipti við nýtt smit, en þrisvar með viku millibili ef tímalengd sýkingar er óþekkt. Við einkenni þriðja stigs sárasóttar er meðferðin metin af smitsjúkdómalækni í hvert sinn. Mikilvægt er að meðferð sé veitt sem fyrst eftir greiningu þar sem sýkingin getur valdið alvarlegu heilsutjóni án meðferðar.

Mótefni gegn bakteríunni, sem veldur sárasótt, haldast jákvæð út ævina. Önnur gildi sem mæld eru í blóði hækka við sýkingu en lækka svo við meðferð og mælast svo mjög lág eða ekki þegar sýking er gengin yfir.

## Sárasótt og meðganga

Móðir getur smitað fóstur af sárasótt í móðurkviði. Flestar sýkingar í fóstrum verða eftir 20. viku meðgöngu. Án meðferðar getur það leitt til fósturláts, andvana fæðingar eða alvarlegra veikinda hjá nýfæddu barni. Ef sárasótt greinist á meðgöngu er hægt að veita örugga meðferð og koma í veg fyrir meðfædda sárasótt. Þess vegna býðst öllum barnshafandi skimun fyrir sárasótt á meðgöngu.

## Smitrakning kynlífsfélaga

Sárasótt er tilkynningaskyldur sjúkdómur og samkvæmt lögum þarf að rekja smitið til að hefta útbreiðslu hans. Sá sem greinist með sárasótt þarf að gefa upplýsingar um þau sem hann hefur stundað kynlíf með, vegna þess að þau gætu líka verið smituð. Þetta er til þess að stöðva útbreiðslu sárasóttar og koma í veg fyrir að fólk veikist alvarlega.

- Ef um er að ræða fyrsta stigs sárasótt er mikilvægt að allir rekkjunautar síðastliðna tólf mánuði séu látnir vita.
- Þegar annars stigs sárasótt greinist þarf að láta alla rekkjunauta síðastliðin tvö ár vita.

Upplýsingar um smitragningu þurfa að liggja fyrir áður en meðferð er gefin. Gögn vegna smitragningar eru ekki hluti af sjúkraskrá og er þeim eytt að rakningu lokinni. Öll sem skila sýnum á göngudeild húð- og kynsjúkdóma fá leiðbeiningar um smitragningu. Leiðbeiningar er einnig að finna á heimasíðu göngudeildar húð- og kynsjúkdóma.

## Eftir meðferð

Vegna smithættu er mælt til þess að stunda ekki kynlíf fyrr en í fyrsta lagi eftir að einkenni eru gengin yfir. Mæta þarf í blóðsýnatöku til að tryggja að meðferð hafi borið árangur eftir þrjá, sex og níu mánuði. Beiðnir um töku blóðsýna eru útbúnar um leið og meðferð er gefin.

### Aðferð til að minnka hættu á smiti

Notkun smokks við kynlíf dregur verulega úr hættu á smiti.

## Upplýsingar og ráðgjöf

Hægt er að panta símaráðgjöf á göngudeild húð- og kynsjúkdóma um leið og óskað er eftir rannsóknum í Landspítalaappinu eða í síma 543 6050.

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.